

Hverfisnefnd Síðuhverfis – 12. fundur haldinn í Síðuskóla 26. október 2005

Mættir: Drífa, Dýrleif, Elías, Elín, Helga, Sigþór og Svala

Helga sagði skv. því sem Dagný upplýsti hana um að fundagerðir hverfisnefnda muni framvegis fara inn á bæjarráðsfundi.

Ákveðið var að líma fundagerðir framvegis inn í fundagerðabækur í stað þess að skrá þær í bókina.

Elín sagði frá fundi sínum við Guðríði Friðriksdóttur sviðstjóra hjá Fasteignafélagi Akureyrarbæjar þar sem hún svaraði fyrirspurn hverfisnefndar um klifurvegg á íþróttahús Síðuskóla. Guðríður greindi frá því að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum klifurtækjum við smíði skólans heldur hafi aðeins verið bent á þennan möguleika með teikningunni. Nokkrir fundamenn furðuðu sig mjög á þessu svari og Drífa sagði þetta hafa verið sérstaklega til umræðu í sjórn ÍBA þar sem hún sat í stjórn þ.e. sérstyrktur veggur ætlaður til klífurs og kostnaðu við hann hefði verið meiri en ella. Helga tók að sér að athuga málið við arkitekt hússins.

Enn hefur ekki borist svar um frágang lóðar við Síðubúð. Jónas Vigfússon hefur með það mál að gera og svarar fljótlega.

Nefndarmenn eru sammála um mikilvægi þess að hafa matvöruverslun í Síðuhverfi.

Rætt var um lýsingu á gangstíg sem liggur meðfram Stapasíðu austan við Bugðuvöll. Heyrst hefur að krökkum finnist stígurinn dimmur og þori ekki að fara hann á morgnana.

Rætt var um framkvæmdir á Bugðuvelli og nefndarmenn ánægðir með þær framkvæmdir.

Nefndin þarf að fara að huga að þorrablóti en það bíður næsta fundar.

Fleira ekki bókað
Elín E. Magnúsd.